



Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Fannborg 2, Kópavogur, sem leigusali, og Sena Event ehf., kt. 660307-0950, sem leigutaki, gera með sér eftirfarandi

## LEIGUSAMNING

### 1. gr. Leiguafnot

Samningur þessi er vegna tónleikahalds Justin Timberlake, sunnudaginn 24. ágúst 2014, kl. 19.30.

### 2. gr. Andlag leigusamnings

Íþróttahúsið Kórinn, nánar tilgreint í fylgiskjali nr. 1, samtals tvær blaðsíður.

VIP stúka er undanþegin andlagi leigusamnings þessa.

### 3. gr. Leigutímabil

Leigutímabil samkvæmt samningi þessum er frá mánudeginum 18. ágúst 2014 kl. 8.00 til og með mánudeginum 25. ágúst 2014 kl. 23.00.

Almennur opnunartími hússins er frá 08:00 til 23:00 daglega. Ef vinna þarf í húsinu utan almenns opnunartíma, við undirbúning viðburðar, skal semja sérstaklega um slíkt. Tímagjald starfsmanns er kr. 6.275,-. Gengið er út frá því að einn maður sé á vakt við húsvörslu í slíkum tilvikum, nema um annað sé sérstaklega samið.

### 4. gr. Leigugjald

**Leiguverð fyrir mannvirkið** skal vera **kr. 4.000.000,-** Verði óskað eftir auka degi til frágangs reiknast hann á kr. 300.000,-

**Annar kostnaður er kr. 4.250.000,-** Innifalið í öðrum kostnaði er leiga á gólfi, þrif á gólfi/grasi og flutningur. Þá er þar einnig meðtalin almenn þrif á hinu leigða. Það skal þó áréttað að leigutaki skal skila húsnæðinu í sama ástandi og hann tók við því, sbr. og 12. gr. Í því felst m.a. að leigutaki skuli hreinsa upp allt rusl innan sem utan mannvirkisins. Leigusali kemur á samgöngum með Strætó bs. til og frá tónleikunum, auk þess að koma að skipulagningu umferðartakmarkana vegna tónleikanna.

Öll verð eru uppgefin með virðisaukaskatti nema að annars sé sérstaklega getið.

Rafmagn greiðist samkvæmt aflestri og verður gerður sérstakur reikningur þar um.



#### 5. gr. Opinber leyfi og gjöld

Leigutaki sér um að afla allra tilskilinna leyfa vegna viðburðarins og greiða þau opinberu gjöld sem því fylgja, til þeirra opinberu aðila sem lögvarðra hagsmuna hafa að gæta. Til dæmis má nefna gjald vegna tækifærissleyfis og vínveitingaleyfis og þjónustugjald vegna sértækra hljóðmælinga Heilbrigðiseftirlits Kópavogs- og Hafnarfjarðarsvæðisins.

Leigusali ábyrgist ekki að þau leyfi sem sækja þarf um beint til hans eða hann kann að vera umsagnaraðili um verði veitt. Skoðast það af umsókn í hvert sinn og þeim gögnum sem henni fylgja.

Vakin er athygli leigutaka á STEF-gjöldum vegna tónleikanna og skal leigutaki snúa sér til skrifstofu STEF vegna gjaldanna fyrir tónleikana.

Hámarksfjöldi gesta í Íþróttahúsinu Kórnum fyrir þennan viðburð eru 17.500

#### 6. gr. Tryggingar

Leigutaki skal tryggja allan tækjabúnað og starfsmenn sem koma inn í húsið á hans vegum. Gerð er sú lágmarkskrafa að slík trygging taki til tjóns sem þessi búnaður eða starfsmenn kunna að valda leigusala og/eða þriðja aðila á meðan undirbúningi og framkvæmd verksins stendur. Leigutaki skal senda leigusala staðfestingu slíkrar tryggingar áður en til notkunar hússins kemur.

#### 7. gr. Öryggisgæsla

Leigutaki skal ábyrgjast að útvega á sínum vegum viðhlítandi öryggisgæslu á sinn kostnað. Viðhlítandi öryggisgæsla í þessu sambandi skal ákveðin í samráði og með samþykki við lögreglufirvalda og/eða bæjaryfirvalda.

Einungis þeir aðilar sem hafa leyfi lögreglufirvalda til að annast öryggisgæslu af þessu tagi mega vinna í húsinu.

Þá samþykkir leigutaki að leigusali jafnt sem öryggisverðir hafi heimild til að vísa þeim aðilum úr húsi sem brotið hafa húsreglur Kórsins.

#### 8. gr. Aðrar öryggisráðstafanir

Á standandi tónleikum ber leigutaka að setja upp girðingu (e. barricade) sem aðskilur svið og áhorfendasvæði. Skal sú girðing uppfylla CE staðalinn.

Á sitjandi tónleikum er þess ekki krafist af hálfu leigusala að sett upp verði samskonar girðing. Samráð skal haft við leigusala um fyrirkomulag sæta á sitjandi tónleikum og skal slíkt fyrirkomulag vera í samræmi við byggingarreglugerð nr. 112/2012.



#### 9. gr. Upphengingar og þyngdartakmarkanir

Leigutaki skal kynna sér þyngdartakmarkanir í húsinu áður en búnaður á hans vegur er fluttur inn í hús eða hengdur í loft. Leigusali veitir umræddar upplýsingar.

Einungis er heimilt að hengja í loft hússins eftir að leigusali hefur samþykkt slíkt.

Öll meðferð lyftara eða lyftubúnaðar er háð samþykki leigusala.

#### 10. gr. Um miðasölu

Leigutaki skal alfarið sjá um miðasölu.

#### 11. gr. Skil á hinu leigða

Leigutaki lofar að skila hinu leigða í sama ástandi og það var afhent í og á réttum tíma. Undir þetta fellur meðal annars að fjarlægja allan tækjabúnað sem fluttur hefur verið í húsið eða á lóð hússins, sem og umbúðir og rusl.

Ef leigusali þarf að leggja í vinnu við að fjarlægja rusl eða búnað getur hann innheimt allan kostnað vegna þess hjá leigutaka. Sama á við ef skemmdir verða á hinu leigða á leigutímabilinu sem rekja má til starfsemi leigutaka.

#### 12. gr. Ábyrgðartakmörkun

Uppsetning, kynning, starfsfólk og tækjabúnaður er í höndum og á ábyrgð leigutaka, nema sérstaklega sé samið um annað.

Ef ófyrirsjáanlegar og óviðráðanlegar ytri aðstæður koma í veg fyrir að aðilar geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningi þessum, falla þær niður á meðan slíkt ástand varir.

#### 13. Aðrar samningsskyldur

Samningur þessi felur í sér náið samstarf samningsaðila og eru aðilar sammála um að grundvöllur farsællar framkvæmdar hans sé gagnkvæm virðing og heiðarleiki. Munu samningsaðilar leitast við að gæta hagsmuna hvors annars í hvívetna meðan samstarfið varir.

#### 14. Viðaukasamningar

Samningsaðilar kunna að gera með sér sérstaka saminga um aðra þjónustu sem Kópavogsbær kann að veita á samningstímanum og er ekki tiltekin í samningi þessum.




Kópavogi, 1. ágúst 2014

F.h. leigusala:


  


Vottar að rétttri dagsetning og fjárræði aðila:

  
Nafn og kt. 160578-3949.

F.h. leigutaka:



  
Nafn og kt. 260280-5629

